

Móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur Hörðuvallaskóla

Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í leik- og grunnskólum Kópavogs má lesa: [hér](#).

Fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Þegar foreldrar af erlendum uppruna óska eftir skólavist fyrir barn sitt í Hörðuvallaskóla er bókaður tími fyrir móttökuvíðtal sem fer fram með aðstoð túlks.

Undirbúningur víðtals

Þegar valinn hefur verið umsjónarbekkur fyrir nemanda/nemendur er umsjónarkennara tilkynnt um það, upprunaland viðkomandi og tímasetningu móttökuvíðtals.

Umsjónarkennari undirbýr bekkinn fyrir komu nýs nemanda og upplýsir jafnframt aðra kennara bekkjarins um viðkomandi nemanda með helstu bakgrunns upplýsingum sem mikilvægt er að hafa.

Móttökuvíðtal

Í móttökuvíðtölum eru foreldrar/forráðmenn, nemandi, umsjónarkennari, fulltrúi alþjóðavers, túlkur og eftir atvikum deildarstjóri stoðþjónustu. Í hverju móttökuvíðtali er ávallt túlkur, jafnvel þótt annað foreldrið er íslenskumælandi.

Í byrjun víðtals er farið yfir sérstakt innritunareyðublað. Þannig fást menningarlegar, félagslegar og námslegar upplýsingar um nemandann og annað sem skiptir máli. Þá er farið yfir helstu skólareglur, stundaskrá umsjónarþjónu, skóladagatal, upplýsingar um frístund og félagsstarf eftir því sem við á, mötuneyti og nestismál. Markmið móttökuvíðtala er að fá sem skýrastar bakgrunnsupplýsingar um nýja nemendur til að auðvelda skólaaðlögun hvers og eins.

Í lok móttökuvíðtals er ákveðinn nýr fundartími eftir fjórar/sex vikur, þar sem farið er yfir nám og líðan áður en næstu aðlögunarskerf eru ákveðin.

Mikilvægt er að vanda alla móttöku og aðlaga nemendur smám saman inn í fullan skóladag eftir því sem við á. Foreldrafundir eru svo haldnir eftir þörfum og mikilvægt að muna að nemendur/foreldrar eru mismunandi og koma frá mismunandi menningarsvæðum.

Fjölmening í Kópavogi

Kópavogsbær hefur gefið út ýmislegt efni, verkefni og fróðleik um fjölmeningu í skólastarfi og íslensku sem annað mál sem finna má: [hér](#).